

**Nd.**

**255. Frumvarp til laga**

um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar og hafnarumbóta á Ísafirði veitist úr ríkissjóði einn þriðji kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 300000 --- þrjú hundruð þúsund --- krónur, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Ísafjarðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni þingmanns Ísafjarðarkaupstaðar, til þess að samræma hafnarlög Ísafjarðar við hafnarlög annarra kaupstaða, sem hafa ýmist lög- bundið eða fengið þriðjungs framlag úr ríkissjóði til hafnarumbóta, en í gildandi hafnarlögum Ísafjarðar er einungis ákveðið ríkissjóðsframlag að  $\frac{1}{4}$  hluta. Þá er í frv. hækkuð hámarksheimild til framlags úr ríkissjóði úr 150 þús. í 300 þús. kr., með nauðsynlegar hafnarumbætur Ísafjarðar fyrir augum.